



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á stofnfundi samtakanna
Regnbogabörn
Þjóðleikhúsinu
16. nóvember 2002**

Heiðruðu samkomugestir

Hér erum við saman komin til að horfast í augu við okkur sjálf, viðurkenna óþægilegar staðreyndir, smánarbletti sem löngum var leitast við að hylja; saman komin til að spyrja hvað við getum gert, hvernig hægt sé að sporna gegn því að fleiri einstaklingar verði fórnarlömb eineltis og ofbeldis, beri ör á sálinni ævina á enda.

Við erum hér saman komin til að strengja þess heit að hefjast nú handa, beita samtakamætti og góðri hjálp úr öllum áttum til að breyta hugsun og hegðun, til að vekja foreldra og uppalendur, skólakerfi og alla þá sem ábyrgð bera, á Alþingi og í sveitarstjórnnum, í fyrirtækjum og fjölmiðlum, í íþróttafélögum og skátastarfi, innan þjóðkirkju og annarra trúfélaga, vekja til varanlegrar vitundar um ábyrgðina sem við berum, hvert og eitt, á heimilum og á vinnustað, innan fjölskyldu og vinahóps, ábyrgðina sem við berum gagnvart öðru fólki, ekki síst þeim sem ungir eru, börnum og unglíngum sem eru að reyna að fóta sig á lífsins braut.

Við höfum að undanfögnu verið knúin til að viðurkenna að ofbeldi er orðið miklu útbreiddara en við áður töldum, að einelti er nánast daglegt brauð í mörgum skólum landsins, að miskunnarleysi og grimmd setja svip á daglega hegðun og svo óbærileg hefur tilveran orðið hjá alltof mörgum ungmönnum að þau hafa í örvæntingu kosið að binda enda á eigið líf.

Við höfum vaknað upp við vondan draum sem þó reyndist veruleiki og Stefán Karl á þakkir skildar fyrir að hafa hrópað svo hátt og svo lengi að loksins fórum við hin að vakna til vitundar um að nú yrði að hefjast handa og ná samstöðu um að breyta stefnu.

Stefán Karl hefur líkt og hrópandinn í eyðimörkinni verið trúr sinni köllun, líkt og barnið í ævintýri Andersens haft kjark til að benda á það

sem allir sáu en enginn þorði að nefna á nafn, líkt og læknirinn í leikriti Ibsens staðráðinn í að knýja samfélagið til að horfast í augu við sjúkdóminn og orsakir þess að hann breiðist sífellt út. Fórnfýsi Stefáns, hugsjónahiti og þrautseigja í þágu málstaðar sem er honum köllun hafa svo sannarlega lyft grettistaki og ég færi honum hugheilar og djúpar þakkir okkar allra.

Regnbogabörn; orðið sjálft er nú þegar orðið ákall, samnefnari fyrir hvatningu sem hljómað hefur skýrt um landið allt. Það hefur snert strengi í brjóstum okkar og náð að rjúfa þagnarmúr sem risið hefur alltof hátt á undanförunum áratugum.

Regnbogabörn; orðið felur líka í sér fyrirheit um breytta hegðun, samstöðu almennings og áhrifafólks um að taka nú saman höndum og leggja grundvöll að nýju hugarfari, hugarfari þar sem gildi fjölskyldulífs og vináttunnar verða leiðarstjörnur.

Rannsóknir hafa sýnt að samverustundir fjölskyldunnar eru besta vörnin sem völ er á, að leikur og starf sem gefa börnum og unglingum nálægð við þá sem eldri eru og veita foreldrum tækifæri til að skynja vonir og þrár, hlusta á taktinn í sál þeirra sem eru að þroskast, slíkar stundir verða skjól og athvarf, vegvísar að betra lífi.

Regnbogabörn; það er von og birta yfir þessu orði og litróf ljóssins sem það vísar til verður okkur öllum leiðsögn að nýrri breyttni, virðingu fyrir sérhverju barni, heitstrenging um að eyða ofbeldinu og eineltinu sem gert hefur líf svo margra óbærilegt.

Það verður ekki auðveldt ganga að ná þeim árangri sem að er stefnt og þar þurfa margir að leggjast á árar, en Regnbogabörn, samtökin sem stofnuð eru hér í dag, verða þjóðinni hvatning til að brjóta blað í þessum efnum.